



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

www.egilsstadir.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Egilsstöðum 21. janúar 2008

**Efni: Umsögn um menntafrumvörp – þingmál nr. 285, 286, 287 og 288**

Á fundi fræðslunefndar Fljótshéraðs 15. janúar sl. voru menntafrumvörpin, þ.e. þingmál nr. 285-288 til umfjöllunar. Eftirfarandi var bókað á fundi nefndarinnar:

**Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla, þingmál nr. 287**

Mál nr. FR080001

*Fræðslunefnd fagnar því að hlutverk og ábyrgð foreldra sé gert skýrara með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar.*

*Nefndin telur ljóst að ákvæði í lögnum muni geta skapað talsverðan kostnaðarauka og bendir þar m.a. á ákvæði um mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs og ákvæði um sérfræðipjónustu.*

*Nefndin telur ekki ástæðu til að fjalla um símenntun í lögum um leikskóla, slíkt eigi heima í kjarasamningum aðila.*

**2. Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla, þingmál nr. 285**

Mál nr. FR080002

*Fræðslunefnd fagnar auknum sveigjanleika, skýrari ábyrgðarþáttum og kæruleiðum í frumvarpinu. Sum atriði hefði nefndin gjarnarn séð innihalda enn meiri sveigjanleika og má þar m.a. nefna ákvæði um skólaskyldu, sem eingöngu er tiltekið að geti verið 10 ár eða skemmri en ekki lengri en 10 ár.*

*Nefndin telur ástæðu til að óttast að ákveðin atriði muni óhjákvæmilega leiða til aukins kostnaðar sveitarfélaganna, og vísar í því sambandi t.d. á ákvæði um mat og eftirlit, sérfræðiúrræði o.fl. Fræðslunefnd óttast að mörg ákvæði verði sérlega íþyngjandi fyrir minni skóla og lítill sveitarfélög, svo sem hvað varðar frjálst skólaval foreldra o.þ.h. og telur óþarfi að lögbinda slíkt atriði.*

*Nefndin sér enga ástæðu til að fjalla um símenntunarpátt í lögnum og gerir því að tillögu sinni að 12. gr. falli út, enda sé þetta atriði sem eigi heima í kjarasamningum starfsmanna og ekki lögum.*

*Í 29. gr. frumvarpsins er rætt um að starfsáætlun skuli lögð árlega fyrir skólanefnd, fræðslunefnd telur nauðsynlegt að fram komi að skólanámskrá skuli lögð fram til staðfestingar í skólanefnd.*



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

www.egilsstaðir.is

*Um skipan skólanefndar er rætt í 6. gr. - fræðslunefnd leggur áherslu á að áfram sé kostur að sameina verkefni hjá einni nefnd, svo sem t.d. hvað varðar málefni leik-, grunn- og tónlistarskóla, enda er nú skv. 45. gr. heimilt að reka slíkar stofnanir undir einni sameiginlegri stjórn.*

*Að álliti þessu standa 5 nefndarmenn, PL, AA, PR, JG og SB*

*Soffía Sigurjónsdóttir, fulltrúi í fræðslunefnd skilaði séráliti þar sem eftirfarandi kemur fram: Min túlkun á frjálsu skólavali í frumvarpinu er sú að það þurfi ekki að vera íþyngjandi fyrir sveitarfélög. Að öðru leyti tek ég undir álit nefndarinnar.*

**Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla, þingmál nr. 287**

Mál nr. FR080003

*Fræðslunefnd fagnar auknum áherslum á samfellu í skólastarfi sem koma fram í menntafrumvörpunum og gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarp til laga um framhaldsskóla.*

**Umsögn um frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skjólastj, þingmál nr. 288**

Mál nr. FR080004

*Fræðslunefnd fagnar því samræmi sem lögin stuðla að með tilliti til stöðu starfsfólks leik- og grunnskóla m.a. með lögverndun leikskólastarfsheitsins.*

*Fræðslunefnd bendir á ósamræmi á milli 9. og 12. greinar þessa frumvarps og 11. greinar frumvarps til laga um grunnskóla og 6. gr. frumvarps til laga um leikskóla.*

*Nefndin gerir athugasemd við hversu ítarleg lögin eru í ákveðnum atriðum svo sem hvað varðar tilgreiningu tiltekinnar dagsetningar í 14. grein varðandi ráðningu starfsfólks grunnskóla.*

Þessu er hér með komið á framfæri.

Með kveðju

Helga Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi  
Fljótshálfarhreppur  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir